

## Greinagerð á lokaverkefni

### Katla Heimisdóttir

#### Aware and around

Lokaverkefnið mitt er Instagram síða með nafnið Aware and around, þar set ég inn myndir af fötum sem ég hanna og sauma sjálf, öll fötin eru saumuð úr notuðum flíkum. Einnig set ég inn fróðleiksmola um fatasóun. Ég valdi að hafa verkefnið alþjóðlegt til að ná til sem flestra og af þeirri ástæðu hef ég það á ensku. Nafnið Aware and around segir í stuttu máli be aware and make the clothes go around eða vertu meðvituð og láttu fötin endurnýttast. Ég valdi þetta verkefni vegna þess mér hefur alltaf þótt mjög gaman að hanna og sauma, einnig hef ég mikinn áhuga á umhverfisvernd og var ég m.a. ein af stofnendum umhverfisteymis VA. Ég vil dreifa með mér þeim áhuga að breyta flíkum eða sauma ný föt úr notuðum fötum og í leiðinni vonandi opna augu fólks á fatasóun og hvetja það í að nýta efnin sem eru nú þegar til. Það þarf ekki endilega að kaupa sér ný föt til þess að eignast ný föt. Instagram síðan á að þjóna þeim tilgangi að veita innblástur og fræða.

Ég vissi strax að lokaverkefnið mitt myndi vera skapandi verk þar sem ég hef haft áhuga á skapandi listum síðan ég man eftir mér. Ég hef verið mikið í tónlist, leiklist og myndlist en aðeins minna í því að sauma. Því var það ágætis áskorun að taka það sem lokaverkefni. Í upphafi safnaði ég að mér flíkum frá fjölskyldu og vinum sem þau voru hætt að nota, þessi föt voru annað hvort á leiðinni í Rauða krossinn eða að safnast upp í fataskáp. Þegar ég var komin með slatta af notuðum fötum valdi ég þau efni sem ég vildi nýta og byrjaði að hanna og sauma.

Gallaefnin voru mér efst í huga. Í upphafi hannaði ég veski með gullinsniði sem er heiti yfir ákveðið hlutfall sem finnst víða í náttúrunni og ég hef heillast af þessu formi frá því ég kynntist því fyrst. Veskið er úr þremur mismunandi gallaefnum sem saumaðir voru saman til að mynda eina heild, frágangurinn á veskinu er enn í vinnslu. Næst hannaði ég annað veski sem er meira eins og poki. Hann var gerður úr átta ferningum, fjórum úr gallaefni og fjórum úr hvítum bómullarbol svo fóðraði ég pokann einnig úr bómullarbol og saumaði handfang úr gallaefni. Hugmyndin af næstu flík, pilsinu var komin um leið og ég ákvað að vinna með föt í lokaverkefninu mínu. Pilsnið er gert úr fjórum mismunandi gallaefnum, það er saumað saman öfugt þannig að saumarnir snúa út og það skapar grófa og að mínu mati töff útkomu. Dekksta gallaefnið í pilsinu var einnig nýtt í galla corset. Corset hugmyndin kom frá efninu sjálfu. Þar

sem ég gerði lokaverkefnið mitt um fatasóun fannst mér ekki við hæfi að ég myndi svo kaupa mér útskriftarkjól. Ég fór í gegnum fataefnin sem ég hafði safnað saman og valdi rosa stóran langerma kjól í yfirstærð úr fallegu efni. Það var mikil hugmyndavinna sem fór í að finna út hvernig ég vildi hafa minn útskriftarkjól og einnig við það að sníða hann. Útkoman var erma- og baklaus kjóll sem ég er mjög ánægð með. Seinasta flíkin er hvítur (one shoulder) bolur sem bættist inn í verkefnið til að hafa við gallapilsíð, klassískur einfaldur sumarbolur.

Þegar hönnunar og saumaferlið var komið vel af stað þróaðist sú hugmynd að víkka út verkefnið og láta það snúast meira um fatasóun frekar en mína fatalínu og þá fæddist Instagram hugmyndin. Ég vildi vanda til verka við myndatökurnar og hafa myndirnar dálítið listrænar og þá var komin ný áskorun við lokaverkefnið. Myndirnar voru teknar úti í sólinni og ég notaði meðal annars stóran spegil við nokkrar tókurnar til þess að ná endurspegluninni af bláum himni sem bakgrunn. Lena vinkona mín var fyrirsæta fyrir mig en ég var sjálf á myndunum af útskriftarkjólum. Við ferðumst á nokkra staði við tókurnar og tókum myndir af Lenu í fötunum á strönd, stórum tröppum og með himininn sem bakgrunn í speglinum.

Áhugi minn á tísku og fatahönnun hefur alltaf verið til staðar en því meira sem ég hef fræðst hefur álit mitt á þessum iðnaði minnkað verulega vegna alvarlegra afleiðinga þess á umhverfið með þeim aðferðum sem notaðar eru í dag eins og til dæmis eru notaðir 2700 lítra af vatni til að gera einn bómullarbol. Augljóst er fyrir mér að það þurfi verulegar breytingar að eiga sér stað og umræðan um þetta málefni að verða meiri. Af þeirri ástæðu vildi ég ekki einungis gera fatlínu heldur fræða og veita innblástur. Ennþá ríkir áhugi minn á þessum iðnaði en með umhverfisvænni aðferðum. Ég valdi að nota Instagram í þetta verkefni þar sem það er stærsta samfélagssíðan í dag og nær til sem flestra. Aware and around er lifandi verkefni sem ég stefni á að halda gangani áfram.

<https://www.instagram.com/awareandaround/>